# Acetanelíð

**INNGANGUR**. Acetanelíð (N-fenyletanamíð) er mikið notað í lyfjaiðnaði. Það er myndað úr anilíni og acetanhýðríði. Súlfalyfið sulfanilamíð er t.d. framleitt út acetanelíði.




Acetanelíð Sulfanilamíð

| | Mólþungi | Eðlismassi |
|---|---|---|
| Anilín  | 93,1 | 1,02 |
| Acetanhýdríð  | 102,09 | 1,08 |
| Acetanilíð  | 135,2 | |

**FRAMKVÆMD.** Setjið 2 ml af anilíni í kolvu. Bætið við jafnmörgum mólum af acetanhýdríði. Setjið kolvuna í sjóðandi heitt vatnsbað í 5 mínútur. Kælið. Bætið 20 ml af ísköldu kranavatni í lausnina. Við það byrja kristallar að myndast. Síið kristallana frá með síupappír og trekt. Leysið síðan kristallana upp í u.þ.b. 80 ml af sjóðandi heitu vatni. Kælið blönduna. Síið kristallana frá og setjið í Petriskál. Geymið efnið fram í næsta tíma og vigtið það þá.

**VERKEFNI.**

1. Skrifið efnajöfnu hvarfsins sem á sér í þessari tilraun.
2. Hvaða heitir efnið sem myndast ásamt acetanelíðinu?
3. Af hverju var efnið endurkristallað?
4. Reiknið % nýtni hvarfsins.